

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

15. maí 2015

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (verðsamráð í mjólkuriðnaði), 292. mál.

Samtök atvinnulífsins styðja samþykkt frumvarps þessa og telja mikilvægt að samkeppnislög gildi um mjólkurframleiðslu eins og aðrar greinar atvinnulífsins.

Almennar leikreglur um samkeppni eru mikilvægar til tryggja virka og heilbrigða samkeppni á markaði og koma í veg fyrir ólöglegt samráð, misnotkun á markaðsráðandi stöðu og mismunun á markaði m.a. vegna opinberra afskipta. Engin sérstök rök standa til þess að framleiðsla mjólkur lúti öðrum reglum en önnur framleiðsla og mikilvægt er að auka frjálsræði og samkeppni í framleiðslu landbúnaðarvara.

Virðingarfyllst,



forstöðumaður samkeppnishæfni